

# Skýrsla um könnun á viðhorfum skólafólks til framtíðar

Á síðasta ári var gerð könnun á viðhorfum kennara, skólastjórnenda og annarra sem starfa í skólum til framtíðar menntunar. Þátttakendur voru m.a. beðnir um að flokka ýmis breytingaröfl eftir mikilvægi þeirra fyrir skólaþróun. Niðurstöður benda til þess að skólafólk telji helstu breytingaröfl tengjast kennsluháttum og áherslum en að tækniþróun hafi töluvert minni áhrif. Þetta og fleira má fræðast nánar um í skýrslu um könnuna sem nýlega var gefin út af Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

